

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Ás 1, spilda 2, stofnun nýrrar lóðar.*

Breytingin felur í sér að heimilað er að stofna rúmlega 2 ha lóð út úr landinu Ás 1, spilda 2, lnr. 220760, sem fær heitið Laufásvegur 4. Á nýju lóðinni er heimilt að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu/útihús. Mesta hæð mænis getur verið allt að 7 m miðað við yfirborð jarðvegs umhverfis húsið. Íbúðarhús getur verið á 1-2 hæðum.

Samþykkt af hreppsnefnd þann 14. mars 2018.

Auglýsing sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. maí 2018, nr. 529/2018, fellur hér með úr gildi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. júní 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Berglind Sigurðardóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2018